

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, vegna Völuteigs 25–31, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember sl., tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, vegna Völuteigs 25-31 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að lóðin nr. 41 er stækkuð úr 11.663 m<sup>2</sup> í 15.059 m<sup>2</sup>. Jafnframt er byggingarmagn aukið á lóðinni úr 1.500 m<sup>2</sup> í 2.000 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð húss er hækkuð í 12 m yfir botnplötu. Heimilt verður að girða lóðina með girðingu sem er 2-4 m að hæð. Lóð Völuteigs 25-29 er lítillega breytt og stækkar úr 4.751 m<sup>2</sup> í 4.754 m<sup>2</sup> og byggingarreitur breytist.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 13. desember 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005